

**1996 nr. 155 27. desember****Lög um Löggingarstofu**

■ **1. gr.** Löggingarstofa er ríkisstofnun með sérstöku reikningshaldi og heyrir hún undir viðskiptaráðherra.

■ **2. gr.** Löggingarstofa hefur með höndum faggildingu, löggingu og eftirlit því tengt eftir því sem nánar er ákvæðið í lögum.

□ Löggingarstofa annast eftirfarandi málaflokka:

1. rafmagnsöryggismál, eins og kveðið er á um í lögum um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga;

2. lögmaelifræði, hagnýta maelifræði og faggildingu, eins og kveðið er á um í lögum um vog, mál og faggildingu, nr. 100/1992;

3. öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, eins og kveðið er á um í lögum um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, nr. 134/1995;

4. önnur verkefni sem stofnuninni eru falin.

■ **3. gr.** Ráðherra skipar þrjú menn í stjórn Löggingarstofu til þriggja ára í senn, þar af einn formann. Stjórnin hefur umsjón með rekstri stofnunarinnar og samþykkir starfsáætlanir hennar, fjárhagsáætlanir og fjárhagsuppgjör, gerir tillögu til ráðherra um gjaldskrá og sér til þess að starfshættir séu á hverjum tíma gagnsærir. Ráðherra staðfestir skipulag stofnunarinnar og skiptingu hennar í deildir.

■ **4. gr.** Ráðherra skipar forstjóra stofnunarinnar til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa lokið háskólaprófi á sviði er tengist starfsemi stofnunarinnar. Forstjóri stýrir faglegu starfi stofnunarinnar, hefur umsjón með rekstri hennar og ræður aðra starfsmenn.

■ **5. gr.** Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Hin nýja stofnun skal taka til starfa 1. janúar 1997.

■ **6. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. . . .

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Stofnanirnar Löggingarstofan, sbr. lög nr. 100/1992, og Rafmagnseftirlit ríkisins, sbr. lög nr. 60/1979, eru lagðar niður frá og með 1. janúar 1997 og eru öll störf á þessum stofnunum lögð niður þegar Löggingarstofa tekur til starfa. Löggingarstofa tekur á sama tíma við eignum og skuldum Löggingarstofunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins. Í lögum og reglugerðum þar sem fyrir koma heitin Löggingarstofan og Rafmagnseftirlit ríkisins ber eftir gildistöku þessara laga að líta svo á að átt sé við Löggingarstofu.

□ Strax eftir gildistöku laga þessara skal stjórn Löggingarstofu skipuð. Staða forstjóra skal auglýst laus til umsóknar með fjögurra vikna fyrirvara svo fljótt sem því verður við komið. Starfsmenn Löggingarstofunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins skulu að öðru jöfnu sitja fyrir um sambærileg störf hjá hinni nýju stofnun. Nýr forstjóri skal ráða í þær stöður.